

HUTTRA

IS



Design and Quality
IKEA of Sweden

Efnisyfirlit

Öryggisupplýsingar	4	Þrif og viðhald	12
Lýsing vörunnar	8	Hvað á að gera ef...	13
Fyrsta notkun	8	Tækniupplýsingar	14
Dagleg notkun	9	Umhverfissjónarmið	15
Haldgóð ráð og vísbendingar	10	IKEA ÁBYRGÐ	15

Öryggisupplýsingar

ADVÖRUN: Til að draga

úr áhættu á eldsvoða, raflosti eða líkamstjóni við notkun á kæliskápnnum þarf að gera þessar einföldu varúðarráðstafanir:

- til að komast hjá hættum vegna óstöðugleika þarf staðsetja eða festa tækið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
- Þetta tæki er gert fyrir notkun á heimilum og við svipaðar aðstæður svo sem í tengslum við
 - mataraðstöðu starfsfólks í verslunum, skrifstofum og öðrum vinnustöðum;
 - bændabýli og notkun gesta á hótélum, vegahótélum og öðrum gististöðum;
 - gistingu með morgunverði;
 - veislupjónustu og svipaða notkun, aðra en smásölu.
- Þetta tæki inniheldur ekki klórflúorkolefni. Kælirásin inniheldur R600a (kolvatnsefni).

- Raftæki með ísóbútan (R600a): Ísóbútan er náttúruleg gastegund án umhverfisáhrifa en er eldfimt. Þess vegna þarf að gæta þess að leiðslur kælimiðilsins verði ekki fyrir skemmdum. Sýnið sérstaka aðgát ef kælirásin tæmist vegna skemmda á leiðslunum.
- C-pentan er notað sem þanefni í einangrunarfroðunni og er eldfim gastegund. Sýnið sérstaka aðgát við förgun.
- Gætið þess að skemma ekki leiðslur í kælirás tækisins.
- Ekki skal geyma sprengifima hluti eins og úðabrusa með eldfimu drifefni í þessu tæki.
- Gætið þess að engar hindranir séu fyrir loftræstingaropum tækisins.
- Reynið ekki að flýta fyrir affrýstingu og framkvæma hana á annan hátt en lýst er í notendahandbókinni.
- Setjið ekki raftæki inn í hólfi tækisins ef þau eru ekki sérstaklega viðurkennd af framleiðanda.

- Börn 8 ára og eldri mega nota þetta tæki, svo og aðilar sem hafa skerta líkamlega, skynræna eða andlega hæfni eða skortir reynslu og þekkingu, hafi þau notið aðstoðar eða leiðbeiningar varðandi notkun raftækisins á öruggan hátt og gera sér grein fyrir hættunum sem því geta fylgt. Börn mega ekki sinna þrifum og viðhaldi á tækinu án eftirlits.
- Til að forðast hættuna á að börn lokist inni og kafni skal ekki leyfa þeim að leika sér inni í tækinu.
- Gætið þess að kælskápurinn skemmi ekki rafmagnssnúruna.
- Togið ekki í rafmagnssnúruna.
- Notið ekki fjöltengi né framlengingarsnúrur.
- Stingið tækinu í samband við jarðtengda innstungu: tækið skal vera jarðtengt.
- Tækið verður að vera aftengt frá rafmagni meðan á viðhaldi stendur og þegar skipt er um hluti í því
- Það verður að vera hægt að aftengja tækið frá rafmagni með því að taka kló þess úr sambandi ef innstungan er aðgengileg eða með aðgengilegum rofa sem settur er í ofan við innstunguna í samræmi við öryggisreglur landsins.
- Tvo menn þarf til að meðhöndla tækið og setja það upp.
- Uppsetning og viðhald tækisins svo og útskipti á rafmagnskapli þess þarf að vera framkvæmd af framleiðanda þess eða hæfum tæknimanni í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og samkvæmt öryggisreglum sem eru í gildi á hverjum stað. Til að koma í veg fyrir hættur skal ekki gera við eða skipta um neinn hlut raftækisins, svo sem rafmagnskapal þess, nema það sé sérstaklega tekið fram í notendahandbókinni.

Fyrirnotkun í fyrsta sinn

Til að tryggja bestu not af tækinu þarf að lesa þessa notendahandbók vandlega en í henni er að finna lýsingu á tækinu og ýmis gagnleg ráð.

Geymið þessar leiðbeiningar til síðari nota.

- 1. Eftir að umbúðir hafa verið teknar af tækinu þarf að aðgæta hvort það hafi orðið fyrir skemmdum og að hurðin lokist vandlega.
Tilkynna verður allar bilanir til þjónustuvers IKEA eins fljótt og hægt er.
- 2. Bíðið í minnsta kosti tvær klukkustundir áður en tækið er sett í samband til að tryggja að kælivökvarásin starfi eðlilega.
- 3. Þrífið tækið að innan áður en það er tekið í notkun.

Varúðarráðstafanir og almenn ráð

Uppsetning og tengingar

- Gætið þess að skemma ekki gólfið (t.d. parketgolf) þegar tækið er hreyft til.
- Gangið úr skugga um að tækið sé ekki í grennd við hitagjafa.
- Setja þarf tækið upp og rétta það af á gólfi sem er nægilega styrkt til að taka þunga þess og á stað sem hentar stærð þess og notkun.
- Tækið er hannað fyrir notkun á stöðum þar sem hitastigið er á eftirfarandi bili í samræmi við loftslagsflokkinn sem gefinn er upp á merkiplötunni. Verið getur að tækið starfi ekki rétt ef það er látið vera í langan tíma við hitastig sem liggur utan við tilgreint hitasvið.

Loftslagsflokkur	Umhverfishiti T. (°C)
SN	frá 10 til 32
N	frá 16 til 32
ST	frá 16 til 38
T	frá 16 til 43

- Gætið þess að spennan sem gefin er á merkiplötunni sé sú sama og á heimilinu.

Öryggi

- Ekki skal geyma bensín, eldfima vökva eða gastegundir í grennd við tækið né önnur raftæki. Gufurnar gætu valdið eldsvoða eða sprengingu.
- Ekki skal gleypa innihald íspokanna (sem ekki er eitrað) (á við um sumar gerðir).
- Borðið ekki ísmola eða íspinna strax eftir að þeir eru teknir úr frystinum því það getur valdið kalsárum.

Notkun

- Takið tækið úr sambandi eða aftengið það frá rafmagni áður en viðhald eða viðgerðir fara fram á því.
- Eingöngu skal nota kælinn til að geyma ferskar fæðutegundir og frystinn aðeins til að geyma fryst matvæli, frysta fersk matvæli og frysta ísmola.
- Geymið ekki glerílát með vökva í frystinum því þau gætu brotnað.
- Forðist að geyma matvæli án umbúða í beinni snertingu við innra borð kælisins eða frystisins.
- Ljósaperan inni í tækinu er sérstaklega hönnuð fyrir heimilistæki og hentar ekki fyrir almenna herbergislýsingu á heimilinu (reglugerð EB 244/2009).

Framleiðandinn hafnar hvers konar bótaábyrgð vegna slysa á mönnum eða dýrum eða skemmda á eignum ef ofangreindum leiðbeiningum og varúðarráðstöfunum er ekki sinnt.


Góð ráð um orkusparnað

- Komið tækinu fyrir í þurru, vel loftræstu herbergi langt frá hitagjöfum (t.d. ofni, eldavél o.s.frv.) og á stað sem sólin skín ekki beint á. Notið einangrunarplötu ef með þarf.
- Til að tryggja fullnægjandi loftræstingu þarf að fara eftir leiðbeiningum um uppsetningu.

- Ef loftræsting er ekki fullnægjandi aftan við tækið eykst orkunotkun þess og afköst þess við kælingu minnka.
- Hitastigið innan í tækinu gæti orðið fyrir áhrifum af umhverfishita, hve oft hurðin er opnuð og einnig eftir staðsetningu tækisins. Stilla þarf hitastillinn í samræmi við þessi atriði.
- Látið heit matvæli og drykki kólna áður en þeir eru settir inn í tækið.
- Setjið ekki matvæli í skápinn þannig að þau geti hindrað viftuna (ef hún er til staðar).
- Eftir að matvæli hafa verið sett inn í skápinn þarf að gæta þess að hurðir hans lokist vandlega, einkum á frystinum.
- Reynið að opna hurðirnar sem minnst.
- Til að þíða frosin matvæli eru þau sett í kælinn. Lágur hiti frosinna matvæla kælir niður þau matvæli sem eru fyrir í kælinum.
- Staðsetning á hillum í kælinum hefur engin áhrif á hagkvæma orkunotkun. Setjið matvæli í hillurnar þannig að viðunandi loftræsting sé til staðar (matvælin ættu ekki að snertast og hafið bil á milli þeirra og baksins).
- Hægt er að auka geymslurými frosinna matvæla með því að fjarlægja körfur og viðhalda sambærilegri orkunotkun.
- Skipta verður um skemmd þétti án tafar.

Lýsing á tækinu

Lesið notendahandbókina vandlega áður en tækið er tekið í notkun.



Kælir

(til að geyma fersk matvæli og drykkjarvörur)

- 1 Glerhillur
- 2 Merkiplata (á hlið grænmetishólsins)
- 3 Grænmetishólf
- 4 Stillirofi fyrir hitastig/ljós
- 5 Lok fyrir mjólkurvörur / Mjólkurvöruhólf
- 6 Hilla með stillanlegri hurð
- 7 Málmgrind og flöskuberi
- 8 Flöskuhilla

Frystir

(merkt með táknuinu * til að geyma fersk og frosin matvæli og til að búa til ísmola)

- 9 Ísmolabakki
- 10 Hurð á lághitahólfi

- Minnst kalda svæðið
- Meðalkalt svæði
- Kaldasta svæðið

Aðgerðir, tækniupplýsingar og myndir geta verið mismunandi eftir gerðum


Fylgihlutir

Eggjabakki




1x

Ísmolabakki



1x

Ísskafa



1x


Notkun í fyrsta sinn

Tengið tækið við rafmagn. Hagstæðasta hitastigið fyrir geymslu matvæla hefur verið stillt frá verksmiðju (3-5/MÉÐALHITI).

Athugasemd: Eftir að kveikt hefur verið á tækinu þarf að bíða í 2 til 3 klukkustundir þar til hentugu hitastigi er náð fyrir venjulegt álag á tækið.

Mikilvægt!

Þetta tæki er selt í Frakklandi. Í samræmi við reglur sem gilda í þessu landi þarf það að vera útbúið með sérstakt tæki (sjá mynd) sem sett er í neðra hólfi kælikápsins og sýnir kaldasta svæði hans.




Dagleg notkun

Notkun kælisins og frystisins

- Notið hitastillinn til að stilla hitann í kælinum (eða báðum hólfunum, eftir gerðum) eins og sýnt er á mynd 1. Færið hnappinn á ● til að slökkva alveg á tækinu.

Athugasemd: Umhverfishiti, hve oft hurðin er opnuð og staðsetning tækisins geta haft áhrif á hitastigið inni í hólfunum báðum. Taka þarf tillit til þessara atriða þegar hitastillirinn er stilltur.



- A** Stillirofi fyrir hitastig
- B** Ljósarofi
- C** Smellurafur fyrir staðsetningu hitastillis
- D** LED-ljósapera (sjá leiðbeiningar í grennd við LED-ljósaperuna)

Hitastillir á **1/MINNSTI**: Lítill kæling

Hitastillir á **3-5/MIDLUNGS**: Miðlungs kæling

Hitastillir á **7/HÁMARK**: Hámarkskæling

Hitastillir á **●**: Slökkt er bæði á kælingu og ljósi.

Kælir

Affrýsting kælisins er alsjálfvirk. Ef vatnsdropar myndast á afturvegg kælisins gefur það til kynna að sjálfvirka affrýstingin sé virk. Vatnið frá affrýstingunni rennur sjálfkrafa niður í niðurfall og síðan í ílát þar sem það gufar upp.




Varúð! Setjið aukabúnað kælikápsins ekki í uppþvottavél

Færanlegar hillur

Á veggjum kælisins eru rennur þannig að hægt er að staðsetja glerhillurnar að vild.

Til að nýta rýmið geta fremri hálfu hillurnar verið ofan á þeim aftari.



Frystir

Þetta tæki er kælikápur með *** ** *** stjörnu frysti. Hægt er að geyma frosin matvæli í umbúðum í þann tíma sem gefinn er upp á umbúðunum. Einnig er hægt að frysta fersk matvæli, gætið þess að þau snerti ekki matvæli sem þegar hafa verið fryst. Það magn ferskra matvæla sem hægt er að frysta á einum sólarhring er sýnt á merkiplötunni. Ekki er mælt með því að frysta aftur matvæli sem þegar hafa verið þídd að hluta. Neyta skal matvælanna innan sólarhrings. Nánar í upplýsingar um að frysta fersk matvæli, sjá stutta leiðarvísinn.

Frysting ferskra matvæla

Setjið fersk matvæli sem á að frysta í frystinn. Látið þau ekki snerta matvæli sem þegar eru frosin. Til að frysta það magn matvæla sem sýnt er á gerðarmiðanum er efsta skúffan tekin úr og matvælin sett beint á grindina.

Að búa til ísmola

Fyllið bakkann að 2/3 með vatni og setjið í frystinn. Notið ekki beitta eða oddhvassa hluti til að losa bakkann.

Haldgóð ráð og vísbendingar**Vísbendingar um orkusparnað**

- Opnið ekki hurðina oft eða skiljið hana eftir opna lengur en nauðsynlegt er.
- Ef umhverfishiti er hár, hitastillirinn stilltur á hærri hita og tækið er fullhlaðið getur kælipjappan gengið stöðugt og við að myndast hrím eða klaki á eiminum. Ef þetta á sér stað þarf að stilla hitastillinn á lægri stillingu til að sjálfvirk affrysting geti átt sér stað og jafnframt að spara orku.

Leiðbeiningar um kæligeymslu ferskra matvæla

Til að ná sem bestum árangri:

- Geymið ekki heitan mat eða vökva sem gufar upp í kælskápnnum.
- Notið lokuð ílát eða umbúðir fyrir matvæli, einkum ef þau gefa frá sér sterka lykt.
- Raðið matvælunum þannig að loft geti leikið frjálst um þau.

Leiðbeiningar um kæligeymslu

- Kjöt (allar tegundir): geymið í plastpokum og setjið á glerhilluna ofan við grænmetisskúffuna. Til öryggis skal aðeins geyma það þannig í einn eða tvo daga í mesta lagi.
- Elduð matvæli, kaldir réttir o.s.frv.: rétt er að geyma undir loki og má setja í hvaða hillu sem er.
- Ávextir og grænmeti: hreinsið vandlega og setjið í skúffuna.
- Smjör og ostar: geymið í loftþéttum

umbúðum eða vefjið í álpappír eða setjið í plastpoka til að halda eins miklu lofti frá þeim og hægt er.

- Mjólkurflöskur: þær eiga að vera með tappa og geymist í flöskugrindinni í hurðinni.
- Bananar, kartöflur, laukur og hvítlaukur: ekki ætti að geyma þessi matvæli í kælinum nema í umbúðum.

Vísbendingar um frystingu

Hér eru nokkrar vísbendingar til að nýta frystinguna sem best:

- Það magn ferskra matvæla sem hægt er að frysta á einum sólarhring er sýnt á merkiplötunni.
- Frysting tekur einn sólarhring. Ekki ætti að bæta við fleiri matvælum á því tímabili.
- Frystið aðeins matvæli sem eru af bestu gæðum, fersk og vel hreinsuð.
- Skiptið matvælum í minni skammta til að þeir frjósi hratt og vandlega og til þess að aðeins þurfi að þíða það magn sem nauðsynlegt er.
- Búið um matvæli í álpappír eða plastþynnu og gangið úr skugga um að pakkarnir séu loftþéttir.
- Látið ekki fersk, ófryst matvæli snerta matvæli sem eru þegar frosin og þannig hækka hitastigið í þeim frosnu.
- Mögur matvæli geymast betur en feitari, salt dregur úr geymslupoli matvæla.

- Ef krapís er borðaður strax og hann er tekinn úr kælinum gæti hann valdið frostbruna á húð.
- Rétt er að sýna dagsetningu frystingar á hverjum pakka til að hafa eftirlit með geymslutímanum.


Vísbendingar um geymslu frosinna matvæla

Til að ná fram bestu nýtingu á þessu tæki ætti að:

- Ganga úr skugga um að matvæli fryst af framleiðanda hafi verið geymd á fullnægjandi hátt hjá smásalanum.
- Gætið þess að flytja fryst matvæli úr verslun í frystihólf á sem skemmstum tíma.
- Opnið ekki hurðina oft eða skiljið hana eftir opna lengur en nauðsynlegt er.
- Þegar matvæli hafa verið þídd spillast þau fljótt og ekki er hægt að frysta þau aftur.
- Farið ekki fram yfir geymslutímann sem gefinn er upp af framleiðanda matvæla.

Þrif og viðhald

Þrifið tækið reglulega með klút og blöndu af heitu vatni og þvottalegi sem sérstaklega er gerður fyrir kælskápa að innan. Notið ekki slípandi hreinsiefni eða áhöld. Notið áhaldið sem fylgir með til að hreinsa niðurfallið fyrir affrýstingarvatnið sem er á afturvegg kælisisins í grennd við grænmetisskúffuna til að tryggja að affrýstingarvatnið tæmist af með réttum hætti (sjá mynd 1). Áður en tækið er þjónustað eða þrifið þarf að taka það úr sambandi við rafmagn eða aftengja það.



Mynd 1

Frystirinn affrýstur

Klakamyndun er fullkomlega eðlileg. Magn klakans sem myndast og hve hratt hann myndast fer eftir umhverfishita og raka og hve oft hurð frystisins er opnuð.

Stillið á kaldasta hitastig fjórum klukkustundum áður en matvæli eru tekin út úr frystinum til að lengja geymslutíma matvællanna meðan á affrýstingunni stendur.

Til að affrýsta tækið er það tekið úr sambandi og skúffurnar teknar úr. Setjið fryst matvæli á kaldan stað.

Látið hurð frystisins vera opna til að klakinn nái að bráðna.

Til að koma í veg fyrir að vatn leki á gólfið meðan á affrýstingu stendur þarf að setja rakadræga tusku á botn frystisins og vinda úr henni reglulega.

Þrifið frystinn að innan. Hreinsið og þurrkið vandlega.

Setjið tækið aftur í samband og setjið matvælin aftur í frystinn.

Geymsla matvæla

Setjið umbúðir utan um matvælin til að verja þau fyrir vatni, raka og þéttingu; þetta kemur í veg fyrir að lykt berist út í kælskápnnum og tryggir einnig betri geymslu á frystum matvælum.

Setjið aldrei heit matvæli í frystinn. Ef matvælin eru kæld niður áður en þau eru fryst sparar það orku og eykur endingu tækisins.

Ef tækið er ekki notað í lengri tíma

Takið tækið úr sambandi við rafmagn, fjarlægjið öll matvæli úr því, affrýstið það og þrifið. Látið hurðirnar vera örlítið opnar til að leyfa lofti að streyma inn um hólfin.

Þetta kemur í veg fyrir að mygla og óæskileg lykt myndist.

Ef rafmagnið fer af

Látið hurðir kælskápsins vera lokaðar.

Þannig haldast matvælin köld eins lengi og hægt er. Ef matvæli hafa þiðnað, jafnvel aðeins að hluta, skal ekki frýsta þau aftur. Neytið þeirra innan sólarhrings.

Hvað á að gera ef...


Vandamál	Hugsanlegar orsakir:	Lausnir:
Tækið virkar ekki	Það getur verið vandamál með rafmagn til tækisins.	Athugið hvort: • rafmagnsbilun hafi orðið • rafmagnsklóin sé tryggilega sett í innstunguna og tvívirki rofinn, ef hann er til staðar, er stilltur rétt (kveikt á honum) • öryggisbúnaður rafkerfisins sem settur er upp á heimilinu virkar fullkomlega • rafmagnskapallinn sé ekki skemmdur
LED-inniljósið virkar ekki.	Hugsanlega þarf að skipta um LED-ljósaperu.	Takið tækið úr sambandi við rafmagn, athugið LED-ljósaperuna og skiptið um ef með þarf (sjá "Dagleg notkun").
Hitastigið inni í hólfunum er ekki nægilega lágt.	Þetta getur átt sér ýmsar orsakir (sjá "Lausnir")	Gætið þess að: • Hurðirnar séu tryggilega lokaðar • Tækið sé ekki í grennd við hitagjafa. • stillt sé á rétt hitastig. • Engin hindrun sé á hringrás lofts gegnum loftræstiraufarnar neðst á tækinu.
Vatn safnast saman á botni kælisins	Niðurfall affrystingarvatnsins er stíflað.	Hreinsið og affrystið niðurfallið (sjá "Þrif og viðhald").
Inniljósið blikkar	Viðvörðunin „hurðin opin“ er virk. Hún verður virk ef hurð frystihólfsins er opið í lengri tíma.	Til að stöðva viðvörðunina er hurðinni lokað. Athugið hvort ljósið virki þegar hurðin er opnuð aftur.

Athugasemd:

Það er eðlilegt að kælikerfi gefi frá sér ýmis hljóð svo sem gutlhljóð eða suð.

Takið LED-ljósaperuna úr

LED-ljósaperunni er snúið rangsælis til að ná henni úr eins og myndin sýnir.



Áður en haft er samband við þjónustuaðila:

Kveikið aftur á tækinu til að athuga hvort vandamálið sé horfið. Ef svo er ekki skal slökkva aftur á tækinu og endurtaka eftir eina klukkustund.


Ef tækið vinnur enn ekki rétt eftir að búið er að framkvæma þær athuganir sem tilgreindar eru í kaflanum um bilanagreiningu og kveikja aftur á tækinu þarf að hafa samband við þjónustuaðila og útskýra fyrir þeim vandamálið og gefa eftirfarandi upplýsingar:

- gerð bilunarinnar;
- tegund tækisins;
- gerð og raðnúmer tækisins (sést á merkiplötunni);
- þjónustunúmer (númerið sem er á eftir orðinu SERVICE á merkiplötunni innan í tækinu).



Tækniupplýsingar

Málstærðir	HUTTRA
Hæð (minnsta-mesta)	819-899
Breidd	597
Dýpt	545
Rúmmál (l)	
Kæliskápur	108
Frystir	18
Affrýstingarkerfi	
Kæliskápur	Sjálfvirkur
Frystir	Handvirkur
Stjörnugjöf	4
Ræsítími (klst.)	14
Frystigeta (kg. á sólarhring)	2
Orkunotkun (kwh/á sólarhring)	0.386
Hávaðastig (dBa)	38
Orkuflokkur	A++



Tækniupplýsingarnar eru til staðar á merkiplötunni innan á tækinu

Umhverfissjónarmið

1. Umbúðir

Umbúðafnið er 100% endurvinnanlegt og er merkt með endurvinnslutákninu. Við förgun skal fara að í samræmi við staðbundnar reglugerðir. Geymið umbúðafni (plastpoka, hluti úr frauðplasti o.s.frv.) þar sem börn ná ekki til því hætta getur stafað af þeim.

2. Úrelting/förgun

Þetta tæki er framleitt úr endurvinnanlegum eða endurnýtanlegum efnum.

- Þetta tæki er merkt í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um rafrænan úrgang 2002/96/EB, (WEEE). Með því að tryggja förgun þessa tækis á réttan hátt stuðið þið að hugsanlega neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilsu manna.



Táknid  á tækinu eða á meðfylgjandi gögnum þess gefur til kynna að það skuli meðhöndlað sem heimilisúrgangur en nauðsynlegt er að fara með það á viðeigandi söfnunarstöð fyrir endurvinnslu á rafmagns- og rafeindabúnaði.

Við úreltingu tækisins þarf að klippa rafmagnskapalinn og fjarlægja hurðir og hillur þannig að börn geti ekki klifrað inn í það og lokast inni.

Úreltið tækið í samræmi við staðbundnar reglugerðir um förgun úrgangs og farið með það á sérstaka söfnunarstöð; látið tækið ekki vera án eftirlits jafnvel aðeins í nokkra daga vegna þess hve hættulegt það getur verið börnum.

Nánari upplýsingar um meðferð, endurnýtingu og endurvinnslu á heimilisraftækjum fást með því að hafa samband við lögbært staðaryfirvald, viðtökuþjónustu fyrir heimilisúrgang eða verslunina þar sem tækið var keypt.

Gerðarsamræmisyfirlýsing

- Þetta tæki er hannað til að varðveita matvæli og er framleitt í samræmi við reglugerð (CE) nr.1935/2004.



- Þetta raftæki hefur verið hannað, framleitt og markaðssett í samræmi við:
 - öryggismarkmið lágspennutílskipunar 2006/95/CE (sem kemur í stað 73/23/CEE og síðari breytinga);
 - framleiðslukröfur EMC tílskipunar 2004/108/EC.

IKEA ÁBYRGÐ

Hve lengi gildir IKEA ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í fimm (5) ár frá þeim degi sem kaupin á tækinu eru gerð hjá IKEA. Á tækjum sem bera vöruheitið LAGAN gildir ábyrgðin í tvö (2) ár. Upprunalegrar sölukvittunar er krafist til staðfestingar á kaupum. Ef unnin eru þjónustuverk sem falla undir ábyrgðina framlengir það ekki ábyrgðartíma tækisins.

Hvaða tæki falla ekki undir skilmála fimm (5) ára ábyrgðar IKEA?

Vörulína sem ber vöruheitið LAGAN og öll

tæki sem keypt voru hjá IKEA fyrir 1. ágúst 2007.

Hver mun framkvæma þjónustuna?

IKEA þjónustuaðili mun veita þjónustu í eigin þjónustuaðstöðu eða í gegnum viðurkennt kerfi þjónustuaðila.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær yfir bilun á tæki sem til komin er vegna galla í samsetningu eða efnisgalla sem koma fram eftir kaupdag frá IKEA. Ábyrgðin gildir einungis ef um

heimilisnotkun er að ræða. Undantekningar eru tilgreindar undir kaflanum „Hvað fellur ekki undir þessa IKEA ábyrgð?" Innan þess tíma sem ábyrgðin tekur til fellur allur kostnaður, s.s. viðgerðir, varahlutir, vinnu- og ferðakostnaður á þjónustuaðilann, að því tilskildu að tækið sé aðgengilegt til viðgerðar án sérstakra útgjalda. Um þessa skilmála gilda viðmiðunarreglur Evrópusambandsins (Nr. 99/44/ESB) svo og staðbundnar reglur. Allir hlutir sem teknir eru úr tækjum og skipt er um eru eign IKEA.

Hvað gerir IKEA til að bæta úr vandamálinu?

Þjónustuaðili á vegum IKEA skoðar tækið og ákvarðar hvort það fellur undir ákvæði ábyrgðarinnar. Ef það fellur undir ákvæði hennar mun þjónustuaðili á vegum IKEA, eða viðurkenndur samstarfsaðili hans, samkvæmt ákvörðun hans eingöngu, sinna viðgerð eða skipta tækinu út með samskonar eða svipaðri vöru.

Hvað fellur ekki undir þessa IKEA ábyrgð?

- Eðlilegt slit vegna notkunar.
- Skemmdir sem eru af völdum ásetnings eða hirðuleysis, skemmdir sem verða vegna þess að ekki er farið eftir notkunarleiðbeiningum, skemmdir vegna rangrar uppsetningar eða tengingar við ranga spennu, skemmdir vegna rafefnafræðilegra efnahvarfa, ryðs, tæringar, vatnsskemmda svo sem ófmettunar kalks í vatni en takmarkast ekki þar við svo og skemmdir vegna óeðlilegra umhverfisáhrifa.
- Rekstrarvörur svo sem rafhlöður og perur.
- Aukahlutir og skrautmunir sem hafa ekki áhrif á eðlilega notkun tækisins svo og rispúr og hugsanlegur litamismunur.
- Óhöpp sem verða vegna aðskotahluta eða efna sem notuð eru við hreinsun og losun á stíflum úr síum, frárénnisliskerfum eða sápuskúffum.
- Skemmdir á eftirfarandi hlutum:

postulíni, aukahlutum, leirvöru- og hnífaparakörfum, að- og frárénnislisrörum, þéttingum, perum og ljósakúplum, skermum, höldum, hlífum og hlutum af hlífum. Þetta á við nema hægt sé að sanna að þessar skemmdir séu vegna framleiðslugalla.

- Tilfelli þar sem enginn galli finnst meðan á heimsókn tæknimanns stendur.
- Viðgerðir sem ekki eru framkvæmdar af tilnefndum þjónustuaðilum og/ eða viðurkenndum samningsbundnum þjónustuaðila eða ef upprunalegir varahlutir hafa ekki verið notaðir.
- Viðgerðir sem framkvæmdar eru vegna rangrar ísetningar eða samrýmist ekki tæknilýsingu.
- Notkun tækis utan heimilis, t.d. í atvinnuskyni.
- Skemmdir í flutningi. Ef viðskiptavinur flytur vöruna heim til sín eða á annað heimilisfang, er IKEA ekki ábyrgt fyrir neins konar skemmdum sem geta orðið á meðan á flutningi stendur. Ef IKEA afhendir vöruna hins vegar á heimilisfang viðskiptavinarins mun IKEA bæta skemmdir sem hafa orðið á meðan á afhendingu vörunnar stóð.
- Kostnaður vegna fyrstu uppsetningar IKEA tækisins. Ef tilefndur þjónustuaðili IKEA eða viðurkenndur samningsaðili þess gerir hins vegar við eða skiptir um tækið samkvæmt ábyrgðarskilmálunum mun þjónustuaðilinn eða hinn viðurkenndi samningsaðili setja tækið sem gert var við aftur upp eða setja upp nýtt tæki ef með þarf.

Þessar takmarkanir eiga þó ekki við um gallalaust verk sem unnið er af þjálfuðum sérfræðingi sem notar upprunalega varahluti frá okkur til að aðlaga tækið að tæknilýsingu annars ESB-ríkis.

Beiting landslaga

IKEA ábyrgðin veitir kaupanda lögbundinn rétt sem nær til allra krafna samkvæmt í

landslögum eða gengur lengra en þau. Þessir skilmálar takmarka þó ekki á neinn hátt rétt neytandans sem kveðið er á um í landslögum.

Gildissvæði

Vegna tækja sem keypt eru í einu ESB-landi og flutt yfir í annað ESB-land verður þjónusta veitt í samræmi við ábyrgðarskilyrði sem teljast eðlileg í nýja landinu.

Skuldbinding til að veita þjónustu innan ramma ábyrgðarinnar er aðeins fyrir hendi ef tækið samrýmist og er sett upp samkvæmt:

- tæknilýsingu landsins þar sem ábyrgðarkrafan er sett fram;
- leiðbeiningum um samsetningu og öryggishandbók tækisins.

Ábyrg eftirþjónusta fyrir IKEA tæki

Hafið samand við viðurkenndan eftirþjónustuaðila til að:

leggja fram þjónustubeiðni samkvæmt ábyrgð þessari;
fá nánari skýringar á uppsetningu á IKEA tækinu í sérstakri IKEA eldhúsinnréttingu;
fá skýringar á aðgerðum IKEA tækja.
Til að tryggja bestu mögulegu þjónustu þarf að lesa þessar leiðbeiningar um samsetningu og/eða notendahandbókina áður en haft er samband við þjónustuaðilann.

Hvernig er haft samband við okkur ef þjónusta er nauðsynleg



Á síðustu síðu þessarar handbókar er heildarlisti yfir alla viðurkennda þjónustuaðila IKEA og símanúmer þeirra hvers í sínu landi.



Til að veita sem skjótasta þjónustu mælum við með því að nota sérstök símanúmer sem tiltekin eru í þessari handbók. Notið alltaf þau númer sem vísað er til í sérstökum notendaleiðbeiningum fyrir það tæki sem aðstoð er þörf fyrir.

Einnig þarf alltaf að vísa til IKEA hlutarnúmersins (8-stafa talnakóða) og 12-stafa þjónustunúmers sem er á merkiplötu tækisins.



GEYMIÐ SÖLUKVITTUNINA!

Hún er sönnun fyrir kaupnum og er nauðsynleg þegar sótt er um ábyrgð. Sölukvittunin gefur einnig upp IKEA heiti og hlutarnúmer vörunnar (8-stafa talnakóða) fyrir hvert tæki sem þið hafið keypt.

Er þörf á frekari aðstoð?

Hafið samband við næstu IKEA verslun eða hringið í þjónustuver ef þið hafið fleiri spurningar sem tengjast ekki eftirþjónustu tækja ykkar. Við mælum með því að þið lesið gögnin sem fylgja tækinu vandlega áður en haft er samband við okkur.

**BELGIË - BELGIQUE - BELGIEN**

Telefoon/Numéro de téléphone/Telefon-Nummer:	026200311
Tarief/Tarif/Tarif:	Lokaal tarief/Prix d'un appel local/Ortstarif
Openingstijd:	Maandag - Vrijdag 8.00 - 20.00
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi 8.00 - 20.00
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag 8.00 - 20.00

БЪЛГАРИЯ

Телефонен номер:	02 4003536
Тарифа:	Локална тарифа
Работно време:	понеделник - петък 8.00 - 20.00

ČESKÁ REPUBLIKA

Telefonní číslo:	225376400
Sazba:	Místní sazba
Pracovní doba:	Pondělí - Pátek 8.00 - 20.00

DANMARK

Telefonnummer:	70150909
Takst:	Lokal takst
Åbningstid:	Mandag - fredag 9.00 - 21.00
	Lørdag 9.00 - 18.00
	(Åbent udvalgte søndage, se IKEA.dk)

DEUTSCHLAND

Telefon-Nummer:	06929993602
Tarif:	Ortstarif
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag 8.00 - 20.00

ΕΛΛΑΔΑ

Τηλεφωνικός αριθμός:	2109696497
Χρέωση:	Τοπική χρέωση
Ώρες λειτουργίας:	Δευτέρα - Παρασκευή 8.00 - 20.00

ESPAÑA

Teléfono:	913754126
Tarifa:	Tarifa local
Horario:	Lunes - Viernes 8.00 - 20.00
	(España Continental)

FRANCE

Numéro de téléphone:	0170480513
Tarif:	Prix d'un appel local
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi 9.00 - 21.00

HRVATSKA

Broj telefona:	0800 3636
Tarifa:	Lokalna tarifa
Radno vrijeme:	Ponedjeljak - Petak 8.00 - 20.00

ÍSLAND

Símanúmer:	5852409
Kostnaður við símtal:	Almennt mínútuverð
Opnunartími:	Mánudaga - Föstudaga 9.00 - 17.00

ITALIA

Telefono:	0238591334
Tariffa:	Tariffa locale
Orari d'apertura:	Lunedì - Venerdì 8.00 - 20.00

LIETUVIŲ

Telefono numeris:	(0) 520 511 35
Skambučio kaina:	Vietos mokėstis
Darbo laikas:	Nuo pirmadienio iki penktadienio 8.00 - 20.00

MAGYARORSZÁG

Telefon szám:	(06-1)-3285308
Tarifa:	Helyi tarifa
Nyitvatartási idő:	Hétfőtől Péntekig 8.00 - 20.00

NEDERLAND

Telefoon:	09002354532 en/of 0900 BEL IKEA
Tarief:	15 cent/min., starttarief 4.54 cent en gebruikelijke belkosten
Openingstijd:	Maandag t/m - Vrijdag 8.00 - 20.00
	Zaterdag 9.00 - 20.00
	Zondag gesloten

NORGE

Telefon nummer:	23500112
Takst:	Lokal takst
Åpningstider:	Mandag - fredag 8.00 - 20.00

ÖSTERREICH

Telefon-Nummer:	013602771461
Tarif:	Ortstarif
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag 8.00 - 20.00

POLSKA

Numer telefonu:	225844203
Stawka:	Koszt połączenia według taryfy operatora
Godziny otwarcia:	Poniedziałek - Piątek 8.00-20.00

PORTUGAL

Telefone:	213164011
Tarifa:	Tarifa local
Horário:	Segunda - Sexta 9.00 - 21.00

REPUBLIC OF IRELAND

Phone number:	016590276
Rate:	Local rate
Opening hours:	Monday - Friday 8.00 - 20.00

ROMÂNIA

Număr de telefon:	021 2044888
Tarif:	Tarif local
Orar:	Luni - Vineri 8.00 - 20.00

РОССИЯ

Телефонный номер:	84957059426
Стоимость звонка:	Местная стоимость звонка
Время работы:	Понедельник - Пятница 9.00 - 21.00
	(Московское время)

SCHWEIZ - SUISSE - SVIZZERA

Telefon-Nummer/Numéro de téléphone/Telefono:	0225675345
Tarif/Tarif/Tariffa:	Ortstarif/Prix d'un appel local/Tariffa locale
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag 8.00 - 20.00
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi 8.00 - 20.00
Orario d'apertura:	Lunedì - Venerdì 8.00 - 20.00

SLOVENSKO

Telefónne číslo:	(02) 50102658
Cena za hovor:	Cena za miestny hovor
Pracovná doba:	Pondelok až piatok 8.00 - 20.00

SRBIJA

<http://www.ikea.com>

SUOMI

Puhelinnumero:	0981710374
Hinta:	Yksikköhinta
Aukioloaika:	Maanantaista perjantaihin 8.00 - 20.00

SVERIGE

Telefon nummer:	0775-700 500
Taxa:	Lokal samtal
Öppet tider:	Måndag - Fredag 8.30 - 20.00
	Lördag - Söndag 9.30 - 18.00

UNITED KINGDOM

Phone number:	02076601517
Rate:	Local rate
Opening hours:	Monday - Friday 9.00 - 21.00

